


Síða 1 í 2	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ÍSLE2HB05 haustönn 2018	

Kennari: Rán Höskuldsdóttir	Netfang: ran@fva.is
---------------------------------------	---


Námsgögn: *EDDA Snorra Sturlusonar*: Prologus, Gylfaginning og frásagnarkaflar Skáldskaparmála (Gunnar Skarphéðinsson bjó til prentunar, IÐNÚ **útg. 2011**). *Tungutak – Málsaga handa framhaldsskólum* (Ásdís Arnalds o.fl. JPV útg.). Kjörbók (listi yfir bækur verður birtur í Innu). Fjölritað efni frá kennara.

Lýsing: Í áfanganum er fjallað um norræna goðafræði, farið nákvæmlega í efni Gylfaginningar og nokkurra frásagnarkafla Skáldskaparmála og efnið sett í samhengi við aðrar miðaldabókmenntir og nútímann. Fjallað er um sérkenni íslensku og helstu þætti í sögu málsins og skyldleika við önnur mál. Nemendur vinna heimildaritgerð þar sem áhersla er lögð á vandvirkni við heimildaöflun og meðferð heimilda. Lesin ein valbók eftir innlendan eða erlendan höfund.

Markmið: Unnið er út frá hugtökunum **þekking, leikni, hæfni**. Nemendur kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna á víkingaöld. Fjallað er um sérkenni og sögu íslensku og skyldleika við önnur mál. Nemendur fá æfingu í heimildaöflun og að gera greinarmun á eigin efni og annarra við úrvinnslu efnis með skráningu heimilda og vísun í heimildir. Þeir velja sér nútímaskáldsögu og gera grein fyrir henni út frá bókmenntahugtökum.

Námsmat: Lokapróf 50% (prófað úr *Snorra-Eddu* og málsögu). Annareinkunn 50% byggist á heimildaritgerð (10%), prófum og verkefnum úr *Snorra-Eddu* (15%), verkefnum úr málsögu (10%), kjörbókarritgerð (10%) og ástundun og virkni í tímum (5%).

Kennsluform: Umfjöllun um *Snorra-Eddu* og málsögu verður í fyrirlestra- og verkefnaformi þar sem lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu við úrlausn verkefna. Nemendur vinna m.a. skapandi verkefni úr *Snorra-Eddu* og gera grein fyrir því munnlega. Nemendur skrifa stutta heimildaritgerð þar sem áhersla er lögð á þjálfun í meðferð heimilda og gera grein fyrir kjörbókarritgerð skriflega í tíma.

Síða 2 í 2	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ÍSLE2HB05 haustönn 2018	

Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.

Heimavinna 50 klst. er gróflega áætluð svona:

Heimaverkefni 10 klst.

Heimalestur 30 klst.

Heimavinna við heimildaritgerð 5 klst.

Undirbúningur fyrir próf 5 klst.

Alls: 110 klst./21 = 5 einingar

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	20.8-24.8	Kynning á áfanganum	
2	27.8-31.8	<i>Gylfaginning</i> - lestur, glósur, verkefni	Verkefni
3	3.9-7.9	<i>Gylfaginning</i> - lestur, glósur, verkefni	Verkefni
4	10.9-14.9	<i>Gylfaginning</i> - skráning kjörbóka	Verkefni
5	17.9-21.9	<i>Gylfaginning</i> - lestur, glósur, verkefni	Verkefni
6	24.9-28.9	<i>Gylfaginning</i> - lestur, glósur, verkefni	Verkefni
7	1.10-5.10	<i>Gylfaginning</i> - lestur, glósur, verkefni	Verkefni
8	8.10-12.10	<i>Gylfaginning</i> - lestur, glósur, verkefni	Próf úr <i>Gylfaginningu</i>
9	15.10-17.10	<i>Skáldskaparmál</i> - lestur, glósur, verkefni Miðannarmat	Verkefni
10	22.10-26.10	<i>Skáldskaparmál</i> - lestur, glósur, verkefni	Próf úr <i>Skáldskaparmálum</i>
11	29.10-2.11	Heimildaritgerð - vinna, m.a. í tölvustofu	Hugmyndalista skilað
12	5.11-9.11	Heimildaritgerð - vinna, m.a. í tölvustofu	Ritgerð skil
13	12.11-16.11	<i>Tungutak - Málsaga</i> , formáli og 1. kafli (Upphaf mannlægs máls)	Ýmis verkefni
14	19.11-23.11	<i>Málsaga</i> 2. kafli (Ritmál)	Ýmis verkefni
15	26.11-30.11	<i>Málsaga</i> 3. kafli - (Saga íslensku og skyldleiki við önnur mál)	Ýmis verkefni
16	3.12-7.12	<i>Málsaga</i> 4. kafli - (Þróun orðaforðans fram á okkar daga)	Könnun úr 3.-4. kafla
17	10.12-14.12	Samantekt - námsmat	Lokapróf Tímaritgerð úr kjörbók
18	17.12-18.12	Prófsýning	
19			

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.